Fundargerð aðalfundar deildar leiðsögufólks í VR 2026, 21. október 2026, Hús verslunarinnar, 9. hæð.

Halldór Kolbeins, formaður deildar leiðsögufólks í VR, setti fund kl. 19:00 og bauð fundarfólk velkomið.

1. Kosning fundarstjóra

Halldór lagði til að Anna Lilja Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá ASÍ yrði fundarstjóri. Ekki komu aðrar uppástungur og tók Anna Lilja við stjórn fundarins.

2. Kosning fundarritara og lögmæti fundarins

Fundarstjóri lagði til að Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Fundurinn hafði verið auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum og sendar höfðu verið ítrekanir og upplýsingar um framboðsfrest. Hún vísaði til 6. greinar starfsreglna deildarinnar um boðun aðalfundar. Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum um lögmæti fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti hún fundinn löglega boðaðan og lögmætan. Fundarstjóri kynnti dagskrá og fyrirkomulag fundarins, sem var haldinn bæði í stað- og fjarfundi. Fundarfólk var beðið um að rétta upp hönd þegar það óskaði eftir orðinu og þátttakendur á Teams að nota rafræna handauppréttingu. Atkvæðagreiðslur færu fram með handauppréttingu. Jafnframt benti fundarstjóri t á að fundargögn væru aðgengileg á vef VR.

3. Skýrsla stjórnar

Halldór Kolbeins fór yfir skýrslu stjórnar og bauð sérstaklega velkomin þau sem tóku þátt í fjarfundi og þau sem sátu fund deildarinnar í fyrsta sinn. Hann sagði að vinnan á árinu hafi gengið vel og að nú væri búið að festa starf deildarinnar í sessi.

Stjórnarstörf og félagsfjöldi

Halldór greindi frá því að frá 12. júní 2025 hefðu verið haldnir 16 stjórnarfundir, þar af 12 á yfirstandandi starfsári. Sex þeirra hefðu verið staðfundir. Fjarfundir hefðu einkum nýst til afgreiðslu mála en staðfundir til ítarlegri vinnu og umræðna. Meðalmæting hefði verið um 75% og að jafnaði hefðu sex til sjö stjórnarmenn og varamenn mætt á alla fundi.

Í stjórn eru fimm kjörin sæti og í þeim sátu auk Halldórs Þór Bínó Friðriksson varaformaður, Pétur Gauti Valgeirsson, Jens Ruminy og Örvar Már Kristinsson sem tók sæti Hildar Þallar. Þá eru tvö skipuð sæti en í þeim sátu Jón Páll Baldvinsson fyrir hönd Félags ökuleiðsögumanna og Soffía Sóley Helgadóttir sem tók sæti Haraldar Þorvaldssonar fyrir hönd Félags fjallaleiðsögumanna. Kjörnir varamenn eru Bryndís Kristjánsdóttir og Björn Júlíus Grímsson sem tók sæti Báru Kristínar. Skipaðir varamenn eru Daði Hrólfsson og Silvia Migliavacca.

Halldór sagði frá því að alls hefðu 56 mál komið á borð stjórnar frá upphafi, þar af 31 á starfsárinu. Af þessum 56 málum væri 26 lokið, 14 í vinnslu, átta óframkvæmd og átta ný. Mál sem vörðuðu innra starf deildarinnar hefðu verið afgreidd, en ný kjaramál bættust stöðugt við.

Félagsfólk í deildinni væri um 480 og raunfjölgun hefði numið 58 á tímabilinu.

Menntun, raunfærnimat og starfsleyfi

Halldór greindi frá úttekt BSI á leiðsögunámi. Nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, Ferðamálaskóla Íslands, Leiðsöguskóla MK og Símenntun Háskólans á Akureyri hefði staðist úttektina.

Unnið hefði verið að raunfærnimati og siðareglum í samstarfi stjórnar deildarinnar og VR. Starfsleyfisskylda væri áfram til skoðunar. Þá þyrfti að endurskoða starfslýsingar leiðsögufólks og fjalla heildstætt um ólíkar tegundir leiðsagnar, meðal annars fjalla-, jökla- og íshellaleiðsögn.

Tvær kynningar á félaginu hefðu farið fram í skólum.

Í tengslum við raunfærnimat hefðu farið fram um 12–13 skimunarviðtöl og þrír þátttakendur farið áfram í matið. Verkefnið hefði verið unnið í samstarfi við MK og Mími og notið styrks frá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Halldór sagði frá því að stjórn deildarinnar vildi leggja aukna áherslu á mikilvægi þess að fólk fengi reynslu sína og þekkingu metna.

Kjaramál og bókanir við kjarasamning

Halldór sagði hlutfall kjarabrotamála leiðsögufólks af málum hjá VR hafa lækkað úr um 4,5% í 2,5%. Félagsfólk deildarinnar væri um 1,16% af félagsfólki VR.

Hann fór yfir stöðu kjarasamninga, forsendubrest og niðurstöður viðræðna í október. Mikilvægt væri að nýta tímann fram að næstu kjarasamningum til undirbúnings og að vinna áfram að starfsleyfisskyldu.

Samtal hefði átt sér stað við Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar um bókanir við kjarasamning leiðsögufólks. Til stæði að halda þeirri vinnu áfram eftir áramót.

Þá fjallaði Halldór um gerviverktöku og sagði SAF hafa lýst vilja til samstarfs. Reiknivél vegna verktakagreiðslna væri aðgengileg á vef VR og mikilvægt væri að greina hana frá reiknivél fyrir launafólk. Verktakagreiðslur hefðu að einhverju leyti færst til betri vegar, en enn væri ólokin vinna eftir.

Vinnustaðaeftirlit

Halldór fór yfir niðurstöður eftirlitsátaks sem unnið hefði verið í samstarfi við ASÍ, lögreglu, Skattinn og Vinnumálastofnun. Í gögnunum hefðu komið fram 325 fyrirtæki, þar af 42 sem ekki hefðu verið skráð hjá Skattinum. Þá hefðu komið fram dæmi um að verktakaálag væri aðeins 20–30%, en að ákjósanlegt álag væri 50%.

Niðurstöðurnar hefðu verið kynntar fyrir SAF og rætt um ábyrgð fyrirtækja gagnvart undirverktökum. Vilji hefði komið fram til úrbóta.

Jafnframt fjallaði Halldór um eftirlit með störfum kínverskra fararstjóra. Málið hefði verið til skoðunar frá 2024 og minnisblað um stöðuna verið lagt fram um haustið. Fyrstu niðurstöður bentu að hans sögn ekki til þess að ástandið hefði batnað og yrði málinu fylgt áfram.

Alþjóðlegt samstarf og starfsumhverfi

Halldór greindi frá endurnýjuðum samskiptum við FEG, evrópsk samtök leiðsögufólks. Björn Júlíus varamaður í deildinni hefði sótt fund á vegum samtakanna og aflað gagnlegra upplýsinga um starfsumhverfi leiðsögufólks í Evrópu. Halldór þakkaði honum fyrir framlagið.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefði verið væru gerðar kröfur um nám og starfsleyfi í 13 Evrópulöndum og í sumum þeirra væru sektarákvæði vegna brota. Halldór taldi starfsumhverfi leiðsögufólks á Íslandi veikt í samanburði við mörg önnur Evrópulönd. Hann nefndi þróun í Danmörku sem víti til varnaðar, þar sem fyrirtæki hefðu í auknum mæli séð um að mennta starfsfólk og laun lækkað í kjölfar þess.

Áfram yrði aflað gagna til undirbúnings samtals við ráðuneyti um starfsleyfisskyldu og menntunarkröfur. Halldór taldi tækifæri felast í að þróa leiðsögunám á námsstigi eftir stúdentspróf.

Félagsstarf og upplýsingamiðlun

Halldór fór yfir félagsstarf ársins, meðal annars jólabókakvöld og fyrirlestur um norðurljós. Þá hefði verið rætt við Rauða krossinn um fræðslu sem hentaði leiðsögufólki. Formaður VR, formaður deildarinnar og starfskraftur deildarinnar hefðu einnig heimsótt leiðsögufólk við Geysi.

Hann hvatti félagsfólk til að nýta Facebook-hóp deildarinnar til upplýsingamiðlunar. Útbúnir hefðu verið bæklingar með QR-kóðum og reglur um útgáfu plastskírteina. Halldór fór yfir fjölda prentaðra skírteina.

Fjórir fulltrúar leiðsögufólks í VR hefðu tekið þátt í þingi ASÍ.

Verkefni fram undan

Halldór sagði undirbúning næstu kjarasamninga vera meðal helstu verkefna fram undan. Hjá VR væri góður grunnur fyrir þá vinnu og mikilvægt væri að vinna með trúnaðarfólki og virkja félagsfólk við mótun krafna. Stefnt væri að grasrótarfundi 21. febrúar 2027, á alþjóðadegi leiðsögufólks.

Halldór lauk máli sínu með þökkum fyrir samstarfið á árinu. Fundarstjóri þakkaði honum fyrir og opnaði fyrir umræður.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og staða kjaramála

Guðný Margrét Emilsdóttir spurði hvort glærur formanns um skýrslu stjórnar yrðu birtar með fundargerð aðalfundar. Það verður gert. Guðný benti jafnframt á reynslu Portúgals af afnámi starfsleyfisskyldu og óánægju sem því hefði fylgt.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, tók til máls. Hún lýsti ánægju með þróun deildarinnar og sagði starf hennar hafa gengið vel og vera til fyrirmyndar.

Halla fór yfir viðræður vegna forsendubrests kjarasamninga. VR hefði hafið samstarf við Fagfélögin og LÍV í mars þegar vísbendingar hefðu komið fram um að forsendur kjarasamninga myndu ekki halda. Saman væru þessi félög fulltrúar fyrir um 45% af almennum vinnumarkaði.

Hún sagði VR hafa lagt áherslu á að viðbrögð við forsendubresti kæmu ekki eingöngu frá ríki og sveitarfélögum heldur einnig frá atvinnurekendum. Almennar launahækkanir hefðu ekki haldið í við verðbólgu og jafnframt hefði þjónusta við barnafólk verið skert.

Halla fór yfir niðurstöðu viðræðnanna, meðal annars nýtt forsenduákvæði, aðgerðir stjórnvalda og vaxtabótaauka. VR hefði meðal annars sent sveitarfélögum og fyrirtækjum bréf og óskað svara um fyrirhugaðar aðgerðir þeirra.

Í umræðum var bent á skort á samkeppni. Halla sagði samkeppnismál hafa verið hluta af kröfum félaganna og að þeim yrði fylgt frekar eftir í næstu kjaraviðræðum.

Guðný Margrét Emilsdóttir spurði hvers vegna aðeins þrír hefðu farið í raunfærnimat. Halldór sagði um 13 hafa komið að upphaflegri skimun, en kostnaður hefði meðal annars reynst hindrun. Fyrirhuguð væri vinna við frekari kynningu og hvatning til félagsfólks.

Heiðrún Hauksdóttir benti á að raunfærnimat gæfi ekki endilega mat á öllu náminu. Þátttakendur þyrftu því að ljúka þeim námsþáttum sem eftir stæðu og kostnaður við það gæti verið verulegur.

Pétur Gauti spurði hvort raunfærnimatið væri styrkhæft úr starfsmenntasjóði. Fram kom að svo væri.

Ingibjörg Jósepsdóttir spurði um stöðu trúnaðarfólks hjá fyrirtækjum í greininni. Halldór sagði unnið að málinu og lagði áherslu á að fyrirtæki færu eftir þeim kjarasamningum sem samtök þeirra gerðu.

Gunnar Ólason spurði hversu margir leiðsögumenn væru fastráðnir. Halldór sagði þær upplýsingar ekki liggja fyrir. Aðalheiður Rán Þrastardóttir starfskraftur deildarinnar greindi frá fyrirhugaðri könnun á ráðningarformi leiðsögufólks, meðal annars hvort fólk væri launafólk eða verktakar og hvort það væri fastráðið.

Ingibjörg vildi vekja athygli á tengslum ráðningarforms og veikindaréttar. Hún nefndi dæmi um að fólk hefði talið sig fastráðið en fengið aðrar upplýsingar þegar reyndi á réttindi þess. Mikilvægt væri að könnunin tæki mið af því að fólk þekkti ekki endilega rétta stöðu sína.

Aðalheiður sagði að skoða þyrfti ráðningarsambandið heildstætt og greina á milli álitaefna um ráðningarform og ákvæða um veikindarétt í lögum og kjarasamningum. Veikindarétturinn væri hluti af vinnu vegna bókana við kjarasamning.

Gunnar tók undir mikilvægi þess að kanna hvort fólk hefði skriflega ráðningarsamninga og hvort raunverulegt fyrirkomulag starfsins samræmdist þeim. Einnig var rætt um greiðslur vegna ferða sem felldar væru niður.

Fundarstjóri lauk umræðum.

5. Tillögur að breytingum á starfsreglum

Áður en tillögur frá stjórn deildar leiðsögufólks í VR voru kynntar benti fundarstjóri á að stjórn VR þyrfti að samþykkja breytingar áður en þær taka gildi sbr. 8. gr. starfsreglna deildarinnar.

Fundarstjóri bauð Þór Bínó Friðrikson varaformanni deildarinnar að koma og kynna tillögur um breytingar á starfsreglu deildarinnar. Þór Bínó kynnti í framhaldinu tíu tillögur að breytingum.

Tillaga nr. 1

2. gr. Tilgangur

Núgildandi regla:

Tilgangur deildarinnar er að:

- Sameina leiðsögufólk á öllu landinu.
- Vinna að kjaramálum þeirra sem starfa við leiðsögn og eru félagsfólk VR.
- Efla fagmennsku, neytendavernd, gæða- og öryggismál í störfum leiðsögufólks.
- Eiga frumkvæði að og stýra faglegri þróun leiðsögustarfsins.
- Standa vörð um faglega menntun leiðsögufólks og styðja við þekkingarþróun með fræðslu, símenntun og ráðstefnum.
- Halda uppi samstarfi við innlend og erlend samtök sem starfa á sviði leiðsögu.

Breytist svo:

Tilgangur deildarinnar er að:

- Sameina leiðsögufólk á öllu landinu.
- Vinna að kjaramálum þeirra sem starfa við leiðsögn og eru félagsfólk VR.
- Efla fagmennsku, neytendavernd, gæða- og öryggismál í störfum leiðsögufólks.
- Eiga frumkvæði að og stýra faglegri þróun leiðsögustarfsins, m.a. með hliðsjón af Evrópustaðli ÍST EN 15565:2008 að því er varðar nám í almennri leiðsögn.
- Standa vörð um faglega menntun leiðsögufólks og styðja við þekkingarþróun með fræðslu, símenntun og ráðstefnum.
- Halda uppi samstarfi við innlend og erlend samtök sem starfa á sviði leiðsögu.

Skýring með tillögu 1

Skv. 2. gr. starfsreglna er deildinni ætlað það mikilvæga hlutverk að standa vörð um menntun og efla fagmennsku leiðsögufólks. Menntamálastofnun vísar í staðalinn ÍST EN 15565:2008 hvað varðar þá hæfni sem talið er að leiðsögufólk þurfi að búa yfir. Evrópustaðallinn tók gildi árið 2008 og árið 2026 höfðu a.m.k. þrír leiðsöguskólar uppfært sínar nám- og kennsluskrár með hliðsjón af honum.

Tillaga 2

5. gr. Nefndir

Núgildandi regla:

Stjórn er heimilt að skipa nefndir til þess að sinna sérstökum málefnum fyrir deildina. Ef skipuð er nefnd þarf hún að hafa fastákveðinn tilgang og markmið.

Breytist svo:

5. gr. Starfshópar

Þegar starfshópur eru skipaður þarf hann að hafa ákveðinn tilgang og markmið. Gera skal verklýsingu þar sem tiltekið er hverjir vinna að verkefninu og hvert umboð þeirra sé ásamt markmiði verkefnisins og áætlun um verklok. Verklýsingu starfshópsins skal birta á vefsvæði deildar leiðsögufólks.

Skýring með tillögu 2

Starfshópar eru tímabundnir en nefndir oftast fastur liður í starfi félagasamtaka. Verklýsing auðveldar, skýrir og afmarkar verkefni. Þær eru þarft verkfæri í vinnu starfshópa og algeng leið til að gera vinnuna hnitmiðaða.

Tillaga 3

5. gr. Aðalfundur og félagsfundir

Núgildandi regla:

Boðun aðalfundar:

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok október ár hvert. Aðalfundur, ásamt dagskrá, skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Breytist svo:

Boðun aðalfundar:

Aðalfundur skal haldinn í október eða nóvember ár hvert. Aðalfundur, ásamt dagskrá, skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Skýring með tillögu 3

Vertíð leiðsögufólks er að lengjast inn í október og fleiri gætu mætt á aðalfund sem haldinn er seinna að hausti.

Tillaga 4

4. gr. Stjórn, 2. mgr.

Núgildandi regla:

Stjórn deildarinnar skipa sjö aðilar og fjórir til vara sem kosnir skulu á aðalfundi deildarinnar. Æskilegt er að í stjórninni sitji fólk sem byggir afkomu sína á leiðsögustörfum og hafi að baki menntun og reynslu af slíkum störfum. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi deildarinnar. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir sem

fulltrúar sinna hópa: Félag ökuleiðsögumanna tilnefnir einn og Félag fjallaleiðsögumanna tilnefnir einn. Kjörgengi hefur fullgilt félagsfólk í VR samkvæmt 3. grein. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast til stjórnar deildarinnar a.m.k. sjö dögum fyrir aðalfund.

Breytist svo:

Stjórn deildarinnar skipa sjö aðilar og fjórir til vara sem kosnir skulu á aðalfundi deildarinnar. Æskilegt er að í stjórninni sitji fólk sem byggir afkomu sína á leiðsögustörfum og hafi að baki menntun og reynslu af slíkum störfum. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi deildarinnar. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir sem fulltrúar sinna hópa: Félag ökuleiðsögumanna tilnefnir einn og Félag fjallaleiðsögumanna tilnefnir einn. Kjörgengi hefur fullgilt félagsfólk í VR samkvæmt 3. grein. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast ~~til stjórnar deildarinnar~~ VR a.m.k. sjö dögum fyrir aðalfund.

Skýring með tillögu 4

Æskilegra er að VR taki á móti framboðum fremur en stjórnarfólk er sjálft kann að vera í framboði.

Tillaga 5

4. gr. Stjórn, 3. mgr.

Núgildandi regla:

Kjörtímabil stjórnarfólks er tvö ár. Það ár sem formaður er kosinn skal kjósa tvo stjórnarmenn. Hitt árið skal tilnefna tvo stjórnarmenn og kjósa tvo stjórnarmenn. Varamenn skal kjósa til tveggja ára.

Breytist svo:

Kjörtímabil alls stjórnarfólks er tvö ár. Það ár sem formaður er kosinn skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo varamenn. Hitt árið skal tilnefna tvo stjórnarmenn og kjósa tvo stjórnarmenn og tvo varamenn. ~~Varamenn skal kjósa til tveggja ára.~~

Skýring með tillögu 5

Æskilegra er að tveir varamenn séu kosnir á hverju ári fremur en fjórir annað hvert ár. Þannig helst meiri stöðugleiki í deildinni þar sem fjórir detta ekki út í einu annað hvert ár. Einnig stæðu fleiri atkvæði bak hverjum varamanni með þessum hætti.

Tillaga 6

4. gr. Stjórn, ný mgr. milli 3. og 4. mgr.

Verður:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest tvo. Kynjaflétta skal viðhöfð til að kynjaskipting sé sem jöfnust í stjórn deildarinnar þannig að sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði skipar fyrsta sæti sem kosið er um. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú

kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau tvö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn deildar leiðsögufólks í VR til tveggja ára. Næstu tvö teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Skýring með tillögu 6

Kynjaskipting í deildinni er nokkuð jöfn en kynjaskipting í stjórn deildarinnar endurspeglar það ekki. Í núverandi stjórn er aðeins ein kona aðalmaður. Nauðsynlegt er að konur séu sýnilegar í stjórnunarstörfum fyrir stéttina þannig að viðhorf kvenna komi jafn sterkt fram og karla.

Tillaga 7

3. gr. Aðild, 1. mgr.

Núgildandi regla:

Allt fullgilt félagsfólk VR sem starfar eftir kjarasamningi Leiðsagnar á aðild að deildinni.

Breytist svo:

Allt fullgilt félagsfólk VR sem starfar eftir kjarasamningi ~~Leiðsagnar~~ leiðsögufólks á aðild að deildinni.

Tillaga 8

7. gr. Merki Leiðsagnar, heiti greinar auk 1. og 2. mgr.

Núgildandi regla:

7. gr. Merki Leiðsagnar

Félagsfólk Deildar Leiðsagnar í VR hefur rétt til að bera merki deildarinnar við vinnu sína í samræmi við lög og reglur um notkun þess.

Merki Deildar Leiðsagnar í VR er eign deildarinnar. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis stjórnar. Leiðsögufólk með staðfesta félagsaðild í deildinni geta sótt um leyfi til stjórnar deildarinnar til að hafa félagsmerkið í kynningargögnum sínum svo sem prentgripum (prentgögnum) og vefsíðum í kynningu á viðkomandi nafngreindum leiðsögumanni, enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

Breytist svo:

7. gr. Merki deildar leiðsögufólks í VR ~~Leiðsagnar~~

Félagsfólk ~~Deildar Leiðsagnar í VR~~ deildarinnar hefur rétt til að bera merki ~~deildarinnar~~ hennar við vinnu sína í samræmi við lög og reglur um notkun þess.

Merki ~~Deildar Leiðsagnar í VR~~ deildarinnar er eign hennar ~~deildarinnar~~. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis stjórnar. Leiðsögufólk með staðfesta félagsaðild í deildinni geta sótt um leyfi til stjórnar deildarinnar til að hafa félagsmerkið í kynningargögnum sínum svo

sem prentgripum (prentgögnum) og vefsíðum í kynningu á viðkomandi nafngreindum leiðsögumanni, enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

Skýringar með tillögum 7 og 8

Ekki er lengur um Leiðsögn að ræða heldur deild leiðsögufólks í VR.

Tillaga 9

Ákvæði til bráðabirgða tekið út

Núgildandi regla:

Fyrsta ár stjórnar deildarinnar 2025 sitja formaður og tveir stjórnarmenn stjórnar Leiðsagnar félags leiðsögumanna sem kjörnir voru 2024 til tveggja ára. Þá eru tveir stjórnarmenn kosnir og tveir stjórnarmenn tilnefndir sbr. 4. gr. til tveggja ára. Kosnir eru fjórir varamenn til tveggja ára árið 2025. Árið 2026 er formaður og tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára.

Skýring með tillögu 9

Tími ákvæðisins er liðinn og því ekki lengur þörf fyrir ákvæðið í starfsreglum.

Tillaga 10

Verði tillaga 5 samþykkt

Ákvæði til bráðabirgða:

Verður:

Á aðalfundi 2027 verða einungis tveir varamenn kosnir í stað fjögurra. Á aðalfundi 2028 verða tveir varamenn kosnir skv. 3. mgr. 4. gr. Varamenn sitja til tveggja ára og því verða varamenn aftur fjórir árið 2028. Ákvæði þetta fellur sjálfkrafa úr gildi að loknum aðalfundi árið 2028.

Skýring með tillögu nr. 10

Verði tillaga nr. 5 samþykkt á aðalfundi 2026 þess efnis að tveir varamenn verði kosnir á aðalfundi árið 2027 verða einungis tveir varamenn frá aðalfundi 2027 til aðalfundar 2028 í stað fjögurra eins og tilgreint er í 4. gr. Það er talið æskilegt að ekki séu allir varamenn kosnir á sama tíma, sjá skýringu með tillögu nr. 5.

Fundarstjóri þakkaði Þór fyrir kynningu og opnaði fyrir umræður um allar breytingartillögurnar. Meginumræðan snerist um tillögu nr. 6, fyrirkomulag stjórnarkjörs, fjölda þeirra sem kjósandi gæti greitt atkvæði og kynjafléttu.

Halla Gunnarsdóttir formaður VR greindi frá reynslu VR af reglum um kynjahlutföll. Hún sagði ólík sjónarmið vera til staðar og lýsti stuðningi við tímabundna kynjakvóta. Hún greindi jafnframt frá því að ákveðið hefði verið hjá VR að halda ákvæðum um kynjahlutföll í aðalstjórn en breyta fyrirkomulagi vegna varastjórnar.

Sólveig Lind Ásgeirsdóttir spurði hvernig farið yrði með kynjafléttu ef ekki væru næg framboð af öðru kyninu. Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR svaraði að þá væri ekki unnt að beita henni.

Bryndís Kristjánsdóttir greindi frá því að hún hefði lagt tillöguna um kynjafléttu fram. Hún benti á að kynjaskipting félagsfólks deildarinnar væri nokkuð jöfn en konur hefðu ekki skilað sér í sama mæli í stjórn. Hún taldi mikilvægt að raddir þeirra heyrðust og ástæðu til að beita kynjafléttu um tíma.

Gunnar Ólason lagði fram breytingartillögu við tillögu nr. 6 þess efnis að heimilt yrði að kjósa allt að þrjá frambjóðendur í stað tveggja. Hann taldi það geta stuðlað að því að varamenn fengju einnig atkvæði.

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum við tillögur nr. 7–10. Engar athugasemdir komu fram.

Gert var fundarhlé til kl. 20:37 vegna framkominnar breytingartillögu við tillögu nr. 6.

Að hléi loknu gaf fundarstjóri Gunnari færi á að kynna og gera grein fyrir breytingartillögu nánar. Að kynningu lokinni opnaði fundarstjóri fyrir umræður um breytingartilöguna og snerust umræðurnar um áhrif hennar á kjör aðal- og varamanna. Að þeim loknum var gengið til atkvæða um breytingartillöguna.

Breytingartillagan:
Tillaga 6

4. gr. Stjórn, ný mgr. milli 3. og 4. mgr.

Verður:

> Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við ~~minnst einn en mest tvo~~ allt að þrjá. Kynjaflétta skal viðhöfð til að kynjaskipting sé sem jöfnust í stjórn deildarinnar þannig að sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði skipar fyrsta sæti sem kosið er um. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau tvö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn deildar leiðsögufólks í VR til tveggja ára. Næstu tvö teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu við tillögu nr. 6

- Með: 1.
- Á móti: 7.
- **Breytingartillagan var felld.**

Því næst var upphafleg tillaga nr. 6 borin undir atkvæði.

- Með: 8.
- Á móti: 1.
- **Tillaga nr. 6 var samþykkt.**

Að því loknu voru aðrar tillögur bornar undir atkvæði í númeraröð:

Tillaga 1: með 14, á móti 0.

Tillaga 2: með 13, á móti 0.

Tillaga 3: með 13, á móti 0.

Tillaga 4: með 13, á móti 0.

Tillaga 5: með fjórtán, á móti 0.

Tillaga 6: þegar lokið.

Tillaga 7: með 13, á móti 0.

Tillaga 8: með 12, á móti 0.

Tillaga 9: með 13, á móti 0.

Tillaga 10: með 12, á móti 0.

Við afgreiðslu tillögu nr. 9 vakti fundarstjóri athygli á að um bráðabirgðaákvæði væri að ræða.

Allar tíu upphaflegu tillögurnar voru því samþykktar og lýsti fundarstjóri því yfir við lok hverrar atkvæðagreiðslu. Að kosningu lokinni lýstifndarstjóri dagskrárliðnum lokið.

6. Kjör formanns og stjórnarmanna

Fundarstjóri benti á að framboðsfrestur vegna kjörs formanns og tveggja aðalmanna hefði verið auglýstur í samræmi við 4. gr. starfsreglna deildarinnar. Eitt framboð hefði borist til formanns og tvö til þeirra tveggja sæta í stjórn sem kosið var um.

Halldór Kolbeins var því sjálfkjörinn formaður deildarinnar. Boga Kristín Kristinsdóttir og Heiðrún Hauksdóttir voru sjálfkjörnar í stjórn.

Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið og lýsti þessum dagskrárlið lokið

7. Fjárhagsáætlun

Fundarstjóri bauð Aðalheiði Rán Þrastardóttur starfskrafti deildarinnar að kynna fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir næsta ár.

Aðalheiður sagði að gert væri ráð fyrir 150 þúsund krónum í tekjur vegna sölu skírteina. Kostnaður vegna skírteina tengdist meðal annars rafrænum skírteinum og merkjafestum. Þá væri gert ráð fyrir 1,2 milljón króna kostnaði vegna námskeiðahalds. Annar kostnaður komi til vegna funda, aðalfundar, þátttöku á ráðstefnu og samstarfs við samtök evrópsks leiðsögufólks (FEG).

Fram kom að fjármunir sem ætlaðir hefðu verið til vinnu að starfsleyfisskyldu hefðu ekki verið nýttir á liðnu ári og til stæði að vinna áfram að því verkefni.

Halldór Kolbeins áréttaði að áætlunin tæki til kostnaðar við starf deildarinnar. Umræður urðu um kostnað vegna ráðstefnu og ferðar til Portúgals, meðal annars lengd ferðar, flug og gistingu.

Heildarkostnaður deildarinnar eru 3,4 milljón króna og 3,1 milljón króna að teknu tilliti til tekna.

Ekki komu fram fleiri spurningar. Fundarstjóri þakkaði kynninguna og lýsti dagskrárliðnum lokið.

8. Önnur mál

Fundarstjóri kallaði eftir tillögum eða umræðum undir liðnum önnur mál og óskaði jafnframt eftir skýrri og hnitmiðaðri kynningu fundargesta. Guðný Margrét Emilsdóttir óskaði eftir skýringum á skipan stjórnar að loknu kjöri og því hverjir sætu áfram í aðal- og varastjórn. Aðalheiður Rán Þrastardóttir fór yfir það.

Umræður urðu um áhrif þess þegar varamaður hættir af persónulegum ástæðum og hvort ekki væri rétt að kjósa nýjan. Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR sagði ekki sjálfgefið að nýr varamaður kæmi í stað þess sem lyki setu samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Guðný lagði áherslu á að stjórn og varastjórn væru fullskipaðar.

Auðkenning leiðsögufólks

Þór Bínó Friðriksson lagði áherslu á að leiðsögufólk væri sýnilegt með skírteini og auðkenni í starfi. Það væri ein leið til að efla fagmennsku og bregðast við óviðunandi starfsháttum á meðan unnið væri að starfsleyfisskyldu.

Sólveig Lind Ásgeirsdóttir greindi frá reynslu sinni af því að nota merki á vinnufatnaði.

Fundarstjóri lýsti dagskrárliðnum lokið og þakkaði málefnalegar umræður. Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri fól að lokum Halldóri Kolbeins að slíta fundinum.

Fundarslit

Halldór Kolbeins þakkaði fundarstjóra, fundarritara og fundarfólki fyrir góðan fund og sleit honum kl. 21:00.

Anna Lilja Sigurðardóttir

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir